

Handbók

Kópa



Efnisyfirlit

Skátaflokkar á Landsmóti.....	bls. 3
Fararstjórn og foringjalið.....	bls. 4
Fararstjórn	
Foringjar	
Félagsforingi	
Foreldrafélagið Selirnir	
Upplýsingar til foreldra	
Vaktsími fararstjórnar	
Dagskrá.....	bls. 5
Símanotkun	
Símanúmer skátafélagsins	
Símanúmer aðstandenda	
Peningamál	
Útbúnaður.....	bls. 6
Einstaklingsútbúnaður	
Símanotkun	
Símanúmer skátafélagsins	
Símanúmer aðstandenda	
Peningamál	
Þjónusta.....	bls. 7
Pósthús	
Mótsblað og útvarp	
Skátavefurinn	
Verslun	
Minjagripir	
Kaffihús	
Öryggismál.....	bls. 8
Gæsla	
Hreinlæti	
Veikindi	
Ýmislegt.....	bls. 9-10
Vistvænt landsmót	
Tryggingar	
Alþjóðlegt samfélag	
Fjölskyldan og gestaheimsóknir	
Vinnuútböð til foreldra.....	bls. 10
Flutningur á sameiginlegum búnaði	
Uppsetning á eldhústjaldi	
Sérstakar þakkir.....	bls.11
Útbúnaðarlisti.....	bls.12

Skátaflokkar á Landsmóti

Hattífattar (fálkaskátastelpur)

- Elísabet X. Sveinbjörnsdóttir
- Fríða Margrét Guðmundsdóttir
- Ólafía Hinriksdóttir
- Brynhildur Birta Magnúsdóttir
- Heba Sól Stefánsdóttir
- Kristjana Ellen Úlfarsdóttir
- Lukka Mörk Sigurðardóttir
- Sólkatla Rögn Kolbeinsdóttir
- Eva Lind Hákonardóttir
- Sunna Rún Birkisdóttir

Stjörnudísir (fálkaskátastelpur)

- Heiðrún Jóna Óðinsdóttir
- María Lind Bjarnadóttir
- Arndís Ósk Einarsdóttir
- Freyja Guðmundsdóttir
- Laufey Birta Hansen
- Sara Bernhöft
- Snædís Lóa Snævarsdóttir
- Freydís Edda Reynisdóttir
- Margrét Steinunn Jónsdóttir

Furðufuglar (fálkaskátastrákar)

- Máni Freyr Oscarsson
- Elvar Helgi Jónsson
- Guðjón Ingi G. Jonathansson
- Högni Gylfason
- Sölvi Blær Samúelsson
- Haukur Gunnarsson
- Bjarni Gunnarsson

Ránfuglar (fálkaskátastrákar)

- Kolbeinn Sturla Baldursson
- Starkaður Snorri Baldursson
- Hilmar Árnason
- Hlynur Smári Magnússon
- Jón Halldór Gunnarsson
- Daníel Freyr Björnsson
- Egill Kári Gunnarsson

Andrómeda (dróttskátar)

- Hekla Eggertsdóttir
- Hersteinn Skúli Gunnarsson
- Ragnar Helgi Breiðfj Unnpórsson
- Sara Dögg Björnsdóttir
- Ernir Jónsson

Rs.Group (rekkaskátar)

- Arnar Daði Bjarnason
- Haukur Friðriksson
- Katrín Lilja Pétursdóttir
- Kári Þorkelsson
- Sonja María Friðriksdóttir
- Sól Dís Gísladóttir
- Þór Hinriksson
- Kristófer Ingi Maack
- Ásgerður Magnúsdóttir
- Eva Rún Árnadóttir

Fararstjórn og foringjalið

Fararstjórar

Anna Marta Söebeck

anna@kopar.is

sími: 848-6258

Valdimar Már Pétursson

valdi@kopar.is

sími: 897-8818

Tinna María Halldórsdóttir

tinnamaria.91@gmail.com

sími: 691-6130

Foringjar

Arnar Daði Bjarnason

Ásgerður Magnúsdóttir

Eva Rún Árnadóttir

Haukur Friðriksson

Kári Þorkelsson

Katrín Lilja Pétursdóttir

Kristófer Ingi Maack

Sól Dís Gísladóttir

Sonja María Friðriksdóttir

Þór Hinriksson

Félagsforingi

Hreiðar Oddsson

hreidar@kopar.is

sími: 898-0282

Foreldrafélagið Selirnir

Bjarni Bergsteinsson

Björk Norðdahl

selirnir@kopar.is

Upplýsingar til forelda

Fararstjórn Kópa mun setja inn myndir og fréttir á [facebook síðu Kópa](#).

Auk þess munum við senda tölvupóst á foreldra og setja frétt á heimsíðu Kópa ef það er eitthvað mikilvægt.

Vaktsími Kópa á mótinu er 775-4611

Dagskrá

Ferðaaætlun sunnudaginn 17. Júlí

- Mæting við skátaheimilið/Digraneskirkju klukkan XX
- Brottför klukkan XX stundvíslega, mjög mikilvægt er að geta lagt af stað á réttum tíma.
- Keyrt verður beinustu leið á Úlfliótsvatn og tekur ferðin um klukkustund.
- Þegar á mótsstað er komið er farið með útbúnað skátanna og sameiginlegan útbúnað á tjaldsvæðið sem ætlað er félaginu.
- Í framhaldi af því er tjaldbúðin sett upp og mannskapnum komið fyrir.
- Tjaldbúðavinna fram að setningu mótsins,
- Þeir skátar sem ekki koma með okkur úr bænum, skulu koma á mótssvæðið kl. XX??

Heimkoma sunnudaginn 24. júlí

Stefnt er að því að við komum upp í skátaheimili á bilinu XX.XX – XX.XX á sunnudeginum. Við munum senda út nánari upplýsingar um það samdægurs í tölvupósti og facebook.

Dagskrá Landsmóts

Fastir liðir eru á dagskrá mótsins dag hvern þeir fara oftast eins fram og eru alltaf á sama tíma. Þetta eru m.a. morgunverk, máltíðir og kvöldverk.

Klukkan:	Dagskrárliðir:
8:00	Fótaferð
8:00 – 10:00	Morgunverk; morgunverður, tjaldbúðaskoðun og fánaathöfn
10:00 – 12:00	Dagskrá í tjaldbúð og opin dagskrá
12:00 – 13:00	Hádegisverður
13:00 – 17:00	Dagskrá í þorpum og val
17:00 – 19:00	Opin dagskrá og tjaldbúðavinna
19:00 – 20:00	Kvöldverður
20:00 – 22:30	Kvölddagskrá; Kvöldvaka/dansleikur/tónleikar, kvöldhressing og háttatími
22:30 – 8:00	Kyrrð í tjaldbúð

Dagskrá flokka skátafélagsins

Dagskrá á Landsmóti er fjölbreytt og enginn á að þurfa að láta sér leiðast. Að hluta velja flokkarnir dagskrána sjálfir og að hluta er opið í dagskrárliði sem eru eftir lögmálinu um framboð og eftirspurn. Skipulögð dagskrárbil eru í fimm daga; mánundag til föstudags. Hver dagur skiptist í eitt dagskrárbil, á milli 13.00 – 17.00.

[illegible]

Útbúnaður

Einstaklingsútbúnaður skátans

Meðfylgjandi er listi yfir almennan útbúnað sem hver skáti ætti að hafa meðferðis.

Mjög gott væri ef skátinn hefði **meðferðis lista og lýsingu á þeim fatnaði og öðrum búnaði** er hann/hún hefði meðferðis. Þá getur skátinn haft þann lista til hliðsjónar þegar kemur að því að pakka til heimferðar.

Þá er mjög mikilvægt að **ALLUR fatnaður og annar búnaður sé vel og rækilega merktur!**

Tekið er sérstaklega fram að hvorki mótið eða félagið er ábyrgt fyrir týndum búnaði hvernig sem slíkt gerist. **Vinsamlegast varist að senda barnið með dýr tæki eins og tölvur, síma oph.**

Slík tæki geta einnig truflað upplifun skátanna á mótinu.

Símanotkun

Símar eru mikilvægt stjórn- og öryggistæki við mótshaldið.

Það er því mikilvægt að álag kerfisins verði innan þeirra marka að það beri stjórnunar- og öryggisparfir mótsins. Því er það að mótsstjórn vill takmarka eins og kostur er umfang notkunar síma á mótinu og er notkun almennra þáttakenda óheimil á mótssvæðinu. Foreldrar eru því beðnir um að taka tillit til þessa.

Því miður hefur reyndin orðið sú með aukinni farsímaeign barna að þau eru að hringja heim úr útilegum ef eitthvað bjátar á án vitundar foringja. Við viljum að ef eitthvað kemur uppá að samskipti fara rétta leið. Börnin getað leitað til foringja ef eitthvað kemur upp og mikið lagt upp úr því að fylgjast með að öllum líði vel. Á kvöldin eru teknir fundir með börnunum þar sem rætt er í róleghheitum hvernig dagurinn er búinn að vera og staðan tekin á öllum.

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að virða það að símar barna séu skildir eftir heima.

Óski forráðamaður að ná sambandi við barnið sitt á meðan mótinu stendur er best að hringja í vaktsíma Kópa á mótinu og við finnum í sameiningu tíma sem hentar fyrir símtalið.

Foreldrum/forráðamönnum er svo auðvitað óhætt að hringja alla daga milli kl. 10:00 og 19:00 til þess að spyrja fréttu og heyra í fararstjórn.

Komi eitthvað uppá, er haft samband við foreldra/forráðamenn undir eins.

Símanúmer skátafélags

Hverri fararstjórn er heimil notkun síma á mótssvæðinu og er skátafélagið með einn slíkan síma, númerið í honum er 775-4611.

Símanúmer aðstandenda

Ef eitthvað kemur uppá og fararstjóri þarf nauðsynlega að ná í forráðamann skáta sem er með félaginu á Landsmótinu er nauðsynlegt að við fáum símanúmer (heima-vinnu-gsm) sem hringja má í og ná í viðkomandi. Þessar upplýsingar ættu að hafa skilað sér með skráningu þátttakenda til félagsins. Þetta er mikilvægt því forráðamenn bregða sér stundum af bæ meðan barnið er á Landsmótinu.

Peningamál

Þar sem allur matur er innifalinn í mótsgjaldi þurfa skátarnir ekki að hafa meðferðis mikla fjármuni. Fararstjórn skátafélagsins leggur til að hver skáti hafi eigi hærri upphæð en 12.000,- krónur meðferðis á mótið til kaupa á minjagripum og viðbiti, en verslun verður opin á staðnum. Athugið að það er ekki banki á staðnum en tekið er við kortum í verslun og kaffihúsum.

Þjónusta

Bæjarfélagið á landsmótinu er stórt og verður um það bil 10 stærsta sveitarfélag á landinum meðan á mótinu stendur. Bæjarfélag af þessari stærðargráðu býður íbúum sínum að sjálfsögðu upp á margvíslega þjónustu.

Póstþjónusta

Sérstök pósthjónusta mun verða rekin í verslun mótsins þar sem mótsgestir geta sent bréf heim og fengið á það sérgerðan pósthimpil mótsins. Jafnframt er einnig til sölu sérprentað pósthort mótsins.

Mótsblað og útvarp

Sérstakt dagblað eða Mótsblaðið er gefið út daglega á mótinu meðan á mótinu stendur. Mótsblaðið flytur fréttir af mótinu og er dreift til allra mótsgesta. Jafnframt verður starfsrækt sérstök útvarpsstöð á vegum mótsins sem mun útvarpa fréttum, tónlist og skemmtiefni á mótssvæðinu. Útvarpstæki verður staðsett í eldhústjaldi félagsins en skátum er einnig heimilt að taka með sér lítið ferðaútvarp.

Skátavefurinn

Rekið verður sérstakt fjölmiðlasetur sem sér um að færa fréttir af gangi mála í bæjarfélaginu. Stefnt er að því að auk þess að taka fjölda mynda daglega og birta á vefnum þá verði líka einhverjar fréttir af því helsta á mótinu. Áberandi slóð verður á www.skatamot.is meðan á mótinu stendur sem vísar inn á fréttavef mótssins.

Verslun

Verslun verður opin mótsdagana þar sem kaupa má minjagrip, matvæli, sætindi, gos, hreinlætisvörur, útilífsvörur og helstu nauðsynjar.

Minjagripir

Eins og á undanförunum mótum hafa verið gerðir nokkrir sérmerktir minjagripir sem mótsgestir geta keypt í verslun mótsins. Þessir hlutir hafa minjagildi og gaman ef skátarnir eigi þess kost að eignast eitthvað af þessu.

Kaffihús

Kaffihús verður í miðbænum þar sem hægt er að tylla sér niður yfir kaffi eða kakóþolla og meðlæti.

Öryggismál

Á mótinu verður starfrækt sjúkragæsla í umsjón Hjálparsveit skáta í Kópavogi. Þar verða að jafnaði læknir og hjúkrunarfræðingur á vakt auk reyndra björgunarsveitarmanna sérþjálfaðra í skyndihjálpi. Sjúkragæslan sinnir öllum minniháttar þústrum en alvarlegri meiðsl, sem eru afar fátíð, eru umsvifalaust send á sjúkrahús í Reykjavík til meðhöndlunar.

Mikið er lagt upp úr öryggismálum á mótinu. Öll dagskráratriði þurfa að standast öryggisskoðun og sérstakar reglur eru í gildi þar sem þurfa þykir. Mótsstjórn nýtur einnig fulltingis hjálparsveitarfólks við að halda stjórn á ýmsum þáttum s.s. við vatnagæslu, umferðargæslu og almenna gæslu á svæðinu.

Eldvarnareftirlit er eins öflugt og kostur er á, og hefur verið samið við Eldvarnarmiðstöðina um ráðgjöf og tækjabúnað á mótsstað. Skátafélagið hefur meðferðis slökkvitæki og annan búnað til varnar bruna á sínu svæði og af hálfu mótsstjórnar eru sett upp stærri tæki víðsvegar á mótsstaðnum.

Sérstakar reglur eru í gangi á mótssvæðinu um meðferð hnífa. Skátunum er heimilt að ganga með vasahnífa og skátahnífa í belti og nota við skátastörf sín á mótinu en allir leikir með hnífana eru hins vegar bannaðir og er hart gengið eftir því af foringjum og starfsfólki mótsins. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að ítreka þessa reglu fyrir skátunum áður en haldið er á mótið.

Hreinlæti

Í 2500 manna bæjarfélagi þarf að hugsa fyrir margvíslegri þjónustu og þar eru hreinlætismálin ekki undanskilin. Byggð hefur verið upp vönduð hreinlætisaðstaða með vatnssalernum sem annar vel þeim fjölda sem bjartsýnustu menn gera ráð fyrir. Þessi aðstaða er dreifð um mótssvæðið þannig að stutt er fyrir alla að fara þegar kallið kemur og öflugt 'kamargengi' eldri skáta sér um að halda öllu hreinu og snyrtilegu!

Skátarnir geta þrifið sig í sturtum sem eru á svæðinu en á álagstímum má hins vegar reikna með að álag á vatnskerfið verði mjög mikið og eru mótsgestir beðnir um að sýna þolinmæði á þeim tímapunktum.

Veikindi

Mjög nauðsynlegt er að fararstjórn sé upplýst um það fyrirfram (sjá heilsufarskýrslu) ef skátinn tekur reglulega inn einhver lyf eða hefur einhver lyf meðferðis til notkunar við einhverjar aðstæður. Það getur alveg komið upp að einhverjir kveinki sér fyrrihluta móts og er það þá gjarnan vegna mjög ólíks lífarnis. Það er sofið í tjaldi, fyrstu kvöldin er oft stolist til að spjalla saman inni í tjaldi áður en sofnað er og því sofið minna en annars framan af.

Þá er hreyfingin hjá mörgum umtalsvert meiri allan daginn en þau eiga að venjast og alltaf úti við. Ekki gleyma að fjörið og spennan er mikil. Allt þetta verður stundum til þess að einhver verður slappur eða þreyttur og sum fá jafnvel í magann af spennings.

Þetta er ekkert óeðlilegt miðað við breytingarnar sem eru á daglegu lífi. Við svona tilfellum sem eru sem betur fer fá er brugðist við því með að leyfa viðkomandi að hvíla sig.

Ýmislegt

Vistvænt Landsmót

Eitt af þeim fjölmörgu atriðum sem huga þarf að í stóru bæjarfélagi. Reglur um flokkun sorps munu hanga uppi í tjaldbúð skatafélagsins þannig að allir geti kynnt sér þær og farið efir þeim með auðveldum hætti.

Tryggingar

Eins og áður hefur komið fram er allur útbúnaður sem skátar hafa með sér á ábyrgð þeirra. Þá er það sérstaklega tekið fram að skátar eru **EKKI** tryggðir í starfi sínu. Það er því mjög mikilvægt að forráðamenn skátanna sjái til þess að útbúnaður þeirra sé tryggður sem og þeir sjálfir.

Alþjóðlegt samfélag

Eitt af því sem gerir Landsmót skáta frábrugðið öðrum skátamótum er hið alþjóðlega samfélag sem skapast á mótinu. Þegar er fyrirsjáanlegt að tugir erlendra skáta muni verða í starfsliði mótsins og fjöldi erlendra þátttakenda verður á bilinu 500-600.

Dagskrá og tjaldbúð eru þannig byggð upp að þátttakendur blandast mikið og eiga mikið samneyti. „*Þetta er eins og að fara til útlanda*“ sagði ungur skáti á síðasta landsmóti, „*maður er alltaf að heyra útlensku talaða eða sungna - alveg mergjað.*“

Andrúmsloftið verður því alþjóðlegt og ungir skátar fá þarna tækifæri til að kynnast því í reynd að skátahreyfingin þekkir engin landamæri og mismunandi tungumál, menning eða trúarskoðun er engin þröskuldur í samskipum. Skátunum finnst þetta almennt mikil upplifun og eru foreldrar hvattir til að hvetja börnin til að kynnast erlendu skátunum og læra af þeim um menningu sína og samfélag. Eitt sem er venja á skátamótum þar sem nokkrar þjóðir koma saman er “skiptimarkaður” og skiptast þá skátarnir gjarnan á skátamerkjum.

Fjölskyldan og gestaheimsóknir á Landsmót

Á mótinu eru starfsræktar sérstakar tjaldbúðir þar sem fjölskyldur (eða forráðamenn) skátanna, eldri skátar, björgunarsveitarfólk og annað áhugfólk um útivist geta sett niður tjaldið sitt, tjaldvagn eða fellihýsi og tekið þátt í landsmótsævintýrinu.

Fjölbreytt dagskrá er í boði í fjölskyldubúðum fyrir alla aldurshópa og því ættu allir að finna sér eitthvað við sitt hæfi. Ekki þarf að tilkynna þátttöku í fjölskyldubúðum. Hægt er að dvelja í fjölskyldubúðum eina nótt eða margar, alveg eins og hverjum og einu hentar.

Þátttakendur í fjölskyldubúðum annast sjálfir um matinn fyrir sig en mögulegt verður að kaupa eitthvert grunn hráefni í verslun mótsins s.s. brauð, álegg, mjólk, gos, morgunmat, pylsur, samlokur og grillkjöt.

Mótsgjald í fjölskyldubúðum er kr. 3.200,- en það er stofngjald fyrir hvern einstakling óháð því hversu lengi dvalið er, innifalið í stofngjaldinu er: einkenni mótsins, mótsbók og dagskrá í fjölskyldubúðum. En ofan á bætist gistináttgald sem er kr. 1.400 pr. mann á nótt, börn 10-17 ára kr. 700,- en frítt fyrir börn 0-9 ára. Útfljótsvatn bíður upp á rafmagn og er verðið skv. verðskrá Útfljótsvatns kr.1.000,-. Tjaldsvæðisgjaldið lækkar um 100 kr. pr. nótt ef borgað er fyrir alla vikuna.

Fjölskyldubúðagjaldið fellur niður eftir kl. 20 á föstudeginum. Hægt verður að kaupa klút á 500 kr.

Félagakvöld og Heimsóknardagur

Á fimmtudagskvöldinu, 21.júlí, er **Félagakvöld** og höfum við ákveðið að hafa kvöldvöku í tjaldbúðinni okkar fyrir þátttakendur og fjölskyldur þeirra. Við munum syngja nokkur lög og ef til vill fara í nokkra leiki en endum svo kvöldið á að fá okkur kakó og kex saman áður en haldið er í háttinn. Foreldrar, systkini, ömmur og afar eru velcomin!

Laugardaginn, 23.júlí, verður **Heimsóknardagurinn**, dagur þar sem mikið er um að vera, erlendir skátar kynna sín heimalönd og íslenskir skátar kynna sinn heimabæ.

Svæðið opnar fyrir almenning kl. 13:00 og mikið um að vera. Skátarnir okkar skiptast á að sjá um tjaldbúð Kópa, þar sem við munum kynna Kópavog, en hafa svo restina af deginum til þess að ganga um og skoða hvað aðrir hafa uppá að bjóða. Dagurinn endar svo á hátíðarvarðeld og í kjölfarið mun hljómsveitin Amabadama spila fyrir dansi.

Fararstjórn skátafélagsins vill hvetja alla foreldra eindregið til þess að heimsækja Landsmótið þó ekki væri nema um helgina og upplifa sjálf hvernig þúsundir barna og unglinga geta skemmt sér úti í náttúrunni á heilbrigðan og þroskandi hátt. Trúið því, hið margumtalaða kynslóðabil er lítt merkjanlegt!

Vinnuútboð til foreldra

Foreldrafélagið hefur **umsjón með eldhúshúsinu á Landsmóti** eins og undanfarin ár.

Því er óskað eftir sjálfboðaliðum á eldhúsvaktir. Um skemmtilegt starf er að ræða þar sem tækifæri gefst til að komast í meira návígi við upplifun krakkana og kynnast öðrum foreldrum og skátastarfinu. Hvern dag þarf að manna þrjár vaktir:

Morgunmat frá kl. 8-10,

Hádegismat frá kl. 11-14

Kvöldmat frá kl. 17-22.

Áhugasamir sendi póst á Rósu grosa36@gmail.com eða Álfu alfaingimars@hotmail.com.

Fylla og tæma gám

Þegar haldið er á stórmót sem þetta er ýmiskonar sameiginlegur búnaður sem fylgir.

Þann 11. júlí kl 17:30 ætlum við að fylla gáminn okkar af sameiginlegum búnaði, þar með talið stóra eldhústjaldið, borð, bekkir og fleira. Því væri gott ef foreldrar gætu mætt og aðstoðað okkur við að raða í gáminn.

Þeir sem búa svo vel að hafa **aðgang að kerru eða stórum bíl** þá myndi það koma sér vel við flutning á stærri hlutum á milli geymslunnar okkar í Efstahjalla og niður í skátaheimili þar sem gámurinn mun standa. Þeir sem hafa tök á þessu meiga endilega senda okkur línu á mot@kopar.is.

Nákvæm dagsetning á frágangi kemur síðar. En sama á við um þegar gámurinn er tæmdur, þá þarf að skila öllum búnaðinum aftur á sinn stað svo að aðstoð við flutning kæmi sér vel.

Uppsetning á eldhúsdjaldi

Við stefnum að því að setja upp eldhústjöldin okkar 15. – 16. Júlí á Úlfjótssvatni.

Það getur verið vandamt verk og þá væri gott að hafa aðstoð hraustra og handlaginna foreldra við að setja upp tjaldið og smíða eldhúsgólfíð. Eins væri gott að hafa fólk við höndina þegar kemur að því að taka niður tjöldin á sunnudeginum 24. Júlí, við reiknum með að byrja á því að taka niður tjaldbúðina okkar fljótlega eftir morgunmat svo allt verði nú klárt fyrir brottför.

Sérstakar þakkir

Við í fararstjórn Kópa viljum þakka þeim foreldrum og styrktaraðilum sem hafa aðstoðað okkur við undirbúning á mótinu.

Við vorum svo heppin að foreldri úr hópnum hefur reddað okkur bæði gas fyrir mótið sem og gám og flutning á honum, það lækkar sameiginlega kostnaðinn verulega og minnkar umstang. Við erum afskaplega þakklát fyrir það.

Einnig viljum við þakka þeim duglegu mæðrum sem tóku að sér eldhúsumsjón og umstangið í kringum það. Það léttir svakalega undir hjá okkur foringjunum að þurfa ekki að hugsa eins mikið út í matseldina og höfum því meiri tíma til þess að sinna skátunum á mótinu.

Það er ómetanlegur stuðningur þegar foreldrar taka virkann þátt í undirbúningi og við framkvæmd mótsins.

Hjartans þakkir fyrir það, vonandi sjáum við sem flesta foreldra á mótinu!

[Foreldrafélagið Selirnir](#) standa fyrir ýmsum viðburðum yfir árið, t.d. ýmis námskeið, gönguferðir og margt fleira, bæði fyrir foreldra og börn.

Þau standa þétt við bakið á skátastarfinu þegar kemur að fjáröflunum, þau tóku að sér kaffisöluna á sumardaginn fyrsta í Kópavogi og notuðu þau ágóðann til þess að stykja bæði Landsmótsfara og þá eldri skáta sem eru á leið til Skotlands á Blair Atholl mótið.

Við viljum hvetja foreldra til þess að fylgjast með facebook-síðunni þeirra og taka þátt í viðburðum á vegum félagsins!

Útbúnaðarlisti Landsmóts 2012

Þessi útbúnaðarlisti er til viðmiðunar.

Athugið að merkja öll föt skátans með nafni og skátafélagi. Mikilvægt er að skátinn pakki niður sjálfur en undir handleiðslu foreldris.

Föt:

- Skátabúningur (ef til)
- Einkennisklæðnaður (peysa og derhúfa)
- Skátaklútur (mjög mikilvægt)
- Hlý nærföt (líka til skiptanna), þ.m.t. síðar nærbuxur
- Nærföt og sokkar til skiptana (hafa nóg af þessu)
- Síðerma peysur/bolir
- Stuttermabolir
- Síðbuxur (ekki eingöngu gallabuxur)
- Stuttbuxur
- Þykkir sokkar (auka líka)
- Náttföt
- Þykk peysa t.d Fleece, thermo eða ull
- Léttir skór
- Vatnsheldir skór/gönguskór/stígvel
- Vettlingar, húfa
- Létt húfa/buff/derhúfa
- Regnföt
- Léleg föt og skór fyrir vatnasafari
- Auka pokar undir blaut og skítug föt

Snyrtitaska:

- Tannbursti og tannkrem
- Sólarvörn
- After-sun
- Varasalvi
- Þvottastykki
- Handklæði
- Sjampó/hárnæring/sápa
- Greiða/hárbursti
- Dömubindi (ef þarf)

Annað:

- Svefnpoki
- Koddi
- Dýna (Alls ekki uppblásna vindsæng, hún tekur mikið pláss og veitir litla einangrun)
- Flugnanet
- Gott er að hafa með létt flís- ullarteppi
- Léttur bakpoki

Gaman að hafa:

- Vasaljós
- Bók/söngbók
- Spil
- Myndavél(á ábyrgð skáta)
- Áttaviti
- Bangsi
- Skrifblokk og skriffæri

Mataráhöld:

- Diskur, skál, skeið, gaffall, hnífur, bolli og vatnsbrúsi
- Allt sett í tau-poka merktan skátanum.

Það sem á að verða eftir heima:

- Símar
- Tölvuspil
- Spjald tölvur
- Vindsængur
- Vonda skapið

Vinsamlegast virðið þetta.